

	kr.	aur.	kr.	aur.
Fluttar			1202	89
amtinu og er gjaldið þetta eptir meðlögðum reikningum				
a. úr Húnavatnssýslu	945	20		
b. - Skagafjarðarsýslu	772	64		
c. - Eyjafjarðarsýslu	678	00		
d. - Þingeyjarsýslu	722	58		
e. - Norðurmúlasýslu	748	16		
f. - Suðurmúlasýslu	625	41	4491	99
3. Jafnaðarsjóðsgjald af undandreginni tíund haustið 1880, kom í gjalddaga 1881	1	12	1	12
4. Endurborganir:				
a. fyrir vogrekaauglýsingar birtar við hinn kgl. íslenska landsyferrjett	3	50		
b. fyrir 1 vogrekaauglýsing birta í blaðinu Þjóðólfi (sbr. reikn. f. 1881)	13	40		
c. fyrir 1 vogrekaauglýsing, birta í blaðinu Þjóðólfi (sbr. útgjaldalið 8)	6	90	23	80
Skuld til næsta árs.			819	90
Tekjur alls.			6539	70

(Framhald í næsta tölublaði).

Auglýsing

um breyting á áætlun um ferðir landpóstanna 1883 — 84.

84

Barðastrandarsýslupósturinn, sem fer frá Bæ í Reykhólasveit morguninn eptir 13. júlí að Reykjavíkurbósturinn er þangað kominn, um Brjámslæk og Bíldudal að Vatneyri, skal hjereptir í hvert skipti að eins dvelja einn sólarhring á verzlunarstað þessum, og snúa svo aftur um Brjámslæk að Bæ.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 13. júlí 1883.

Bergur Thorberg

settur.

Jón Jenson.

settur.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögnum fyrir 1882 og 1883.

10. gr. C. 4.

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu um að fje því, 550 kr., sem þessi sýsla öðlast fyrir þetta ár til eflingar búnaði, verði varið þannig:

Til verðlauna handa Egli Guðmundssyni á Laugabóli í Ögurhreppi fyrir landbúnað . . . 50 kr.

Til styrks handa búnaðarfjelagi Súðavíkurbrepps 50 —

Til þess að kosta ferð búfræðings um sýsluna á yfirstandandi ári 450 —

10. gr. C 5. b.

Eptir tillögum amtmannsins yfir suðuramtinu voru Gullbringu- og Kjósarsýslu veittar 1000 kr. til að leggja tvær trjebryr yfir Elliðaárnar.